

Mál nr. 147/2006

M

og

Vátryggingafélagið(V) vegna óvátryggðs vélsleða A

Ágreiningur um bótaskyldu vegna líkamstjóns ökumanns óvátryggðs ökutækis þ. 21.4.2000

Gögn.

1. Málskot móttakið þ. 2.8.2006. ásamt fylgiskjöllum 1-6
2. Bréf V dags. 9.8.2006

Málsatvik.

M ók óvátryggðum vélsleða A fram af snjóhengju með þeim afleiðingum að ökumaður slasaðist. Vélsleðinn var óvátryggður og er ágreiningur um réttarstöðu ökumanns. Lögmaður M gerir kröfu til að M fái bætur frá V á grundvelli 1.mgr. 94 gr umferðarlaga sbr 1 og 4 grein reglugerðar nr.392/2003 vegna líkamstjóns sem M varð fyrir þ.21.4.2000 í ökutækinu A. V hafnar bótaskyldu og bendir á reglugerð nr. 556/1993 en þar komi fram að ökumaður óvátryggðs ökutækis eignist engan rétt á hendur V og geti ökumaður sem sjálfur veldur tjóni aldrei öðlast bótarétt frá V úr lögboðinni ábyrgðartryggingu ökutækisins. Þá vísar V til reglugerðar nr. 392/2003 sem hafi leyst af hólmi eldri reglugerð nr. 556/1993 og bendir V á að skv.reglugerðinni nr. 392/2003 komi skýrt fram að tjón ökumanns óvátryggðs ökumanns falli ekki á V.

Álit.

Eins og að ofan greinir þá var A óvátryggður. Samkvæmt þeim reglum sem gilda um bótarétt ökumanna óvátryggðra ökutækja þá á M ekki kröfu um bætur á hendur V úr lögboðinni ábyrgðartryggingu umrædds ökutækis í því tilviki sem hér um ræðir þar sem ekki er á það fallist að ökumaður óvátryggðs vélsleða eigi bótarétt vegna slysaftryggingar ökumanns.

Niðurstaða.

Tjónið er ekki bótaskyld.

Reykjavík 12.9.2006.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Dögg Pálsdóttir hrl.

Jón Magnússon hrl.